

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 6. apríl 2021.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Bjarni Ingimarsson og Magnús Smári Smáráson.

Fulltrúar SNS voru: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Staðgengilslaun slökkviliðsstjóra í sveitarfélags

Í lok nóvember 2018 kom erindi til samstarfsnefndar og var tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar 21. desember sama ár og úrskurðað í því máli.

„ 2. Sveitarfélag. Afleysingaslökkviliðsstjóri – staðgengilslaun.

Starfsmaður hefur undanfarin 5 ár leyst slökkviliðsstjóra reglulega af. Hann hefur ekki fengið staðgengilslaun fyrir afleysinguna, né greiðslur fyrir þær bakvaktir og útköll sem hann hefur tekið sem staðgengill slökkviliðsstjóra.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að greiða skuli starfsmanninum staðgengilslaun samkvæmt gr. 9.3.1 í kjarasamningi aðila.“

Bæjarstjóri sveitarfélags hefur mótmælt niðurstöðunni á þeirri forsendu að sveitarfélaginu bæri ekki að greiða fyrir afleysingu án þess að vinnuframlag kæmi á móti. Málið er því komið aftur inn á borð samstarfsnefndar.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin fór yfir málið aftur og komst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélagið hafi þegar greitt starfsmanninum fyrir unna vinnu á bakvakt í forföllum slökkviliðsstjóra. Starfsmaðurinn leysti slökkviliðsstjóran ekki af í föstu starfi hans og er því kröfu um staðgengilslaun hafnað.

2. Sveitarfélag bakvaktir.

Málið er í bið á meðan slökkviliðsstjórinn er í veikindaleyfil.

3. Sveitarfélag. Samkomulag um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir.

Slökkviliðsstjóri og sveitarfélag hafa gert með sér samkomulag um greiðslu um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir og er óskað eftir samþykki samstarfsnefndar fyrir því sbr. gr. 2.5.7. í kjarasamningi.

2.5.7 Heimilt er með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar/ sveitarfélags og með skriflegu samþykki samningsaðila að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en að framan greinir.

Niðurstaða.

Samstarfsnefnd staðfestir samkomulagið.

4. Kafli 1.3.3.

1.3.3 Frávik frá kauptaxtakervi.

1.3.3.1 Þegar unninn er 40 stunda vinnuvika að jafnaði, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma. Ef starfsmaður í vaktavinnu tekur launalaust leyfi t.d. vegna fæðingarorlofs reiknast það hlutfallslega miðað við meðalvaktafjölda í mánuði.

Niðurstaða:

Frá 1. maí 2022 og til samningsloka 30. september 2023 gildir eftirfarandi breyting á grein 1.3.3.:

Þegar unnin er 36 stunda vinnuvika að jafnaði, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma. Ef starfsmaður í vaktavinnu tekur launalaust leyfi t.d. vegna fæðingarorlofs reiknast það hlutfallslega miðað við meðalvaktafjölda í mánuði.

Samkvæmt fylgiskjali 3 með gildandi kjarasamningi greiðist tímakaup yfirvinnu með eftirfarandi hætti á samningstímanum:

Yfirvinna

Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1 kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram 38,92 stundir á viku (168,63 stundir miðað við meðalmánuð).

5. Undanþága frá sjúkraflutningum

Fulltrúar LSS lögðu fram erindi varðandi undanþágu frá sjúkraflutningum vegna 50 ára reglunnar og framkvæmd hennar.

Niðurstaða:

Málinu er í vinnslu.

6. Reglur um boðtæki skv. 2. mgr. gr. 1.3.2.1 og tillögu að vinnureglum vegna tjóns persónulegum munum sbr. gr. 7.3.1.

LSS lagði fram óundirritað samkomulag um boðtæki dagsett 7/1/21 milli sveitarfélags og fulltrúa starfsmanna þess. LSS lagði einnig fram tillögu að vinnureglum við mat á tjóni á persónulegum munum og boðtækjum.

Niðurstaða:

Þar sem ekki liggur fyrir undirritað samkomulag um nánari reglur um boðtæki milli viðkomandi stofnunar og starfsmanna sbr. 2. mgr. gr. 1.3.2.1. getur samstarfsnefnd ekki tekið málið til afgreiðslu.

Samstarfsnefnd getur ekki tekið til afgreiðslu tillögur varðandi mat á persónulegum munum og boðtækjum heldur verður að koma fyrir samstarfsnefnd undirritað samkomulag.

7. Sveitarfélag.

LSS kynnir mál slökkviliðsmanns sem kvartar yfir því að fá greitt undir lágmarkstöxtum kjarasamnings fyrir bakvaktir. Viðkomandi er á jafnaðarkaupi 652,43 kr á tímann á allt þegar hann er á bakvöktum en ætti að fá greitt skv. bakvaktakafla kjarasamnings að mati LSS. LSS segir að þeir hafa ekki samþykkt ráðningarsamning viðkomandi þó svo að vinnuveitandi hafi sett það í ráðningarsamninginn og að 14. kafli kjarasamnings aðila eigi ekki við þar sem aðilar eru ráðnir beint á bakvaktir. LSS óskar eftir að samstarfsnefnd staðfesti að sveitarfélagi beri að greiða skv. bakvaktakafla LSS til þessara aðila frá og með 1.1.2020.

Niðurstaða:

SNS óskar eftir að ráðningarsamningur viðkomandi slökkviliðsmanns verði lagður fram þar sem samkomulag það sem er í viðhengi er hluti af ráðningarsamningi starfsmanns og Fjarðabyggðar en hinn eiginlega ráðningarsamning vantar.

8. Uppgjör á vaktaálagi.

Uppgjör á yfirvinnu á 32 vikna tímabili (6 vikur og flakk á milli vakta). Tímar umfram 2080 á ári ekki greitt sem yfirvinna.

Fleira ekki gert